

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna árið 1936.

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðu-tryggingar, undirskrifuð af konungi 23. september 1936 (nr. 109).*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desbr. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi 25. september 1936 (nr. 110).*

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasilíu, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 28. september 1936 (nr. 111).*

*Bráðabirgðalög um afnám laga nr. 64, 22. nóv. 1907, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. september 1901, undirskrifuð af konungi 12. október 1936 (nr. 112).*

*Bráðabirgðalög um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómynd-ugra á Íslandi 18. febr. 1847, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 113).*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 35, 1. febr. 1936, um viðauka við lög nr. 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, undirskrifuð af konungi 28. október 1936 (nr. 114).*

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

88

22. ágúst

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Seyluhreppi og aðganga er seld að.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

- I. flokkur:
  - a. Hjómleikar og söngskemmtanir.
  - b. Sjónleikar.
  - c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
  - d. Fyrirlestrar og upplestrar.
  - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- II. flokkur:
  - a. Dansleikar.
  - b. Danssýningar.
  - c. Loddara- og fjölleikasýningar.

88  
22. ágúst

d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem heyra undir fyrsta flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki, 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum eða til styrktar þörfum félagsskap innan sveitarinnar o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Seyluhrepps hefir eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, og sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þurfa þykir. Getur hún ráðið til þessa sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna það hreppsnefndaroddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skal haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða, svo marga, er ætla megi að nægi. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd og kostnaður við þá greiðist af skatttekjum.

Pegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, er hann tók á móti, að frádregnum þeim ónotuðu.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar, og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til styrktar Lestrarfélagi Seyluhrepps.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin

ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei 88  
yfir 1000 kr. 22. ágúst

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

89

Ráðuneytið hefir í dag framlengt reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu frá 22. ágúst 1935 til þess að gilda fyrst um sinn. 22. ágúst

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

90

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún. 24. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún, sem sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Skagastrandarkauptún.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Í Skagastrandarkauptúni skal vera 3 manna heilbrigðisnefnd. Hreppstjórinn er formaður nefndarinnar, 2. maður er kosinn af hreppsnefndinni og sá 3. af sýslunefndinni, báðir til eins árs í senn.